


Aðlögun



Leikskólinn Ylur

Mývatnssveit

Pátttökuaðlögun

Áætlun fyrir pátttökuaðlögunina

Foreldrar eru með börnunum sínum í þrjá daga

Dagur 1 : frá kl. 10:00 - 11:00

Dagur 2 : frá kl. 09:00 - 12:00

Dagur 3 : frá kl. 08:00 - 14:00

Foreldrar eru inni á deild með barni sínu allan tímann (nema þegar það sefur). Foreldrar sinna barni sínu í stað kennara, skiptir á því , gefur því að borða , leikur við það og er til staðar ef það þarf á einhverri aðstoð að halda. Kennararnir eru virkir pátttakendur í aðlöguninni. Á fjórða degi koma bornin um morgunin og kveðja foreldra fljótlega.

Á 4. og 5. degi hefur reynslan sýnt að gott er fyrir bornin að vera sótt fljótlega eftir að þau vakna, þ.e. þau sem leggja sig aðeins einu sinni á dag í leikskólanum, kringum hádegisbilið. Starfsfólk metur aðlögunarferlið út frá þörfum hvers barns og ræðir við foreldra ef betra virðist að sveigja frá skipulaginu.

Aðlögun í leikskólanum Yl.

Aðlögun er sá tími sem nýtt barn kynnist starfsfólki, börnum og húsakynnum leikskólans. Aðlögun er ekki einungis aðlögun barnsins, heldur einnig tími fyrir foreldra og starfsfólk til að kynnast og virða fyrir sér uppeldisaðferðir í sameiningu, heima og í leikskólanum.

Pátttökuaðlögun

Byggist á þeirri hugmyndafræði að ekki er verið að venja barnið við að skilið eftir í leikskólanum, heldur það að læra að vera í nýjum aðstæðum. Jafnframt byggist það á því að foreldrar smiti eigin öryggiskennd og forvitni í nýjum aðstæðum til barna sinna. Með pátttökuaðlögun eru foreldrar pátttakendur frá fyrsta degi barnsins í leikskólanum. Með því hafa þeir tækifæri á að kynnast dagskipulaginu, starfsfólkinu og því námi sem fram fer í leikskólanum. Þannig geta foreldrar öðlast öryggi sem gefur börnunum mjög sterk skilaboð að leikskólinn sé öruggur staður til að vera á.